



<b>Dagsetning:</b>	<b>30. nóvember 2009 Kl. 20:00</b>
<b>Fundarstaður</b>	Golfskáli GKG, v/ Vífilstaðaveg, Garðabæ.
<b>Fundarstjóri</b>	Ari Bergmann Einarsson
<b>Stjórnarmenn:</b>	Guðmundur Oddsson, Jón Snorri Snorrason, Kristinn Jörundsson, Bergþóra Sigmundsdóttir, Símon Kristjánsson, Áslaug Sigurðardóttir, Gunnar Jónsson, Gunnar Páll Þórisson og Jónína Pálsdóttir. Jónína Pálsdóttir var fjarverandi
<b>Fundarritari:</b>	Jón Snorri Snorrason

## 1. Fundarstjóri og fundarritari kosnir.

- Formaður steig í pontu, setti fundinn formlega og bauð félagsmenn velkomna. Að því búnu stakk hann upp á Ara Bermanni Einarssyni sem fundarstjóra. Var það samþykkt samhljóða. Fundarritari aðalfundar var síðan skipaður Jón Snorri Snorrason. Fundarstjóri kannaði því næst lögmeæti fundarins og úrskurðaði að löglega hefði verið til hans boðað.

## 2. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.

- Guðmundur Oddsson formaður byrjaði á því að þakka þeim sem mættir voru á aðalfundinn, en um 60 félagar sátu aðalfundinn að þessu sinni. Því næst fór formaður yfir skýrslu stjórnar og bar þar hæst:
  - Haldnir voru 10 bókaðir stjórnarfundir á starfsárinu.
  - Formaður fór yfir fjármálin og nefndi að í áætlunum klúbbsins hefði verið búist við erfiðu ári og tók áætlun mið af því og farið hafði verið ofaní alla þætti í rekstrinum og orðið að grípa til mikils niðurskurðar og í því sambandi hafi þrír fastráðnir starfsmenn hætt störfum. Um væri að ræða Kristján Jónasson, trjáræktarfrömuð, Jónatan Eiríksson, vélamañn og Alexander Hjálmarsson, bókaara. Sagði hann alla þessa menn hafa verið GKG góðir starfsmenn og þakkaði þeim fyrir vel unnin störf. Fækkun félagsmanna reyndist ekki vera milli ára. Reksturinn hafi skilaðp 14 m.kr. hagnaði og tekist hefði að greiða niður skuldir um 20 m.kr.
  - Formaður fór í yfir samskipti við sveitarfélögin á árinu og að stefnt sé að ná fram föstum samningum við þau um að koma beint að rekstri líkt og nágrennasveitafélögin styðja sína golfklúbba. GKG hefur lagt áherslu að ná fram rekstrarstyrki til samræmis við önnur íþróttafélög.
  - Formaður fór síðan yfir húsbýggingarmál klúbbsins og taldi það mikilvægt að staðsetning kæmist á hreint og allir möguleikar skoðaðir bæði innan og utan vallar. Nú væri verið að skoða staðsetningu í nágrenni við flöt á 3 braut í austurátt og það gæfi möguleika á reka þrjár níu holu slaufur. Formaður fór síðan yfir lóðaleigumál klúbbsins og benti fundarmönnum á að gert er ráð fyrir 3,5 m.kr. til hennar í fjárhagsáætlun en endanleg lausn fáist ekki í þessu máli fyrr en Garðabær yfirtekur landið.
  - Formaður benti á að minna vallareftirlit hafi verið en árið á undan, en engu að síður hafi tekjur vegna vallargjalda aukist um 40%..
  - Formaður kynnti þau miklu afrek, sem unnin voru á árinu hjá félagsmönnum og m.a. að GKG hafi unnið Íslandsmótið í sveitakeppni karla og að Alfreð Brynjar Kristinsson hafi orðið stigameistari GSÍ. Árangur ungliða hefði verið með miklum ágætum og rétt að benda á að GKG hefði fjölmennasta unglingsstarf golfklúbba innan GSÍ.

- Formaður fór yfir breytingar á félagsgjöldum og tilkynnti að hækkun þeirra yrði um 8% og yrðu 75.000kr., en óbreytt hjá 19 ára og yngri. Ekki yrði innheimt inntökugjald, en þau yrðu tekin upp aftur að ári. Þá hafi verið ákveðið að hafa óbreytt gjald vegna vinavalla og greiða félagar 1.000kr. fyrir 18 holu hring.
- Loks gat formaður þess að Bergþóra Sigmundsdóttir hafi verið kjörin í stjórn GSÍ á nýloknu GSÍ þingi.
- Því næst þakkaði formaður meðstjórnendum, öllum nefndarformönnum og nefndarmönnum fyrir samstarfið á liðnu ári. Hann þakkaði sérstaklega öllu starfsfólki, framkvæmdastjórum, vallarstjóra og kennurum fyrir ánægjulegt samstarf á árinu.
- Fundarstjóri fékk heimild fundarins til að taka umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sameiginlega undir 4. lið.

### 3. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykkis

- Ólafur E. Ólafsson framkvæmdastjóri fór yfir reikninga klúbbsins fyrir starfsárið 2008 – 2009 og útskýrði þá. Hann gat þess að tekjuliðir hefðu minnkað og eins hefði tekist að skera niður kostnað eins og gert hefði verið ráð fyrir. Hagnaður klúbbsins fyrir fjármagnskostnað kr. 25.542.429 sem er mikil aukning frá fyrra ári. Afskriftir eru hærri en áður vegna breyttra afskrifareglna. Allur hagnaður hafi farið í niðurgreiðslu lána og því ekki varið til fjárfestinga og lækkuðu skammtímaskuldir milli ára úr 65 m.kr. í 50 m.kr.
- Fundarstjóri bar skýrslu stjórnar og ársreikninga félagsins upp til umræðna og gaf orðið laust
  - Björn Steinar Stefánsson spurðist fyrir um frekari greiningu á öðrum kostnaði og svaraði framkvæmdastjóri því með fullnægjandi hætti að dómi fyrirspyrjanda.
  - Guðmundur Ólafsson þakkaði góðar skýrslu og óskaði stjórn til hamingju með árangurinn og fannst að mikill kraftur væri í klúbbum og hrósaði umhirðu vallanna.
- Reikningarnir voru því næst bornir upp til atkvæða og þeir samþykktir samhljóða.

### 4. Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt.

Ólafur E. Ólafsson kynnti tillögu stjórnar að fjárhagsáætlun fyrir komandi ár. Í henni er gert ráð fyrir að tekjur næsta starfsárs hækki um 4,9% og fór svo yfir breytingar á einstökum kostnaðarliðum. Áætlunin er byggð á þeim forsendum að innheimta félagsgjalda hækki um 10% á næsta ári og fallið verði frá inntökugjaldi, en þau tekin upp 2011.

Fundarstjóri bar því næst fjárhagsáætlunina upp til umræðu.

- Engar móttillögur bárust vegna félagsgjalda og voru þau þar með samþykkt.

### 5. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn

- Kjörnefnd bar upp tillögu sína að formanni til næsta árs. Kjörnefnd kom með tillögu um Guðmund Oddsson sem formann. Fundarstjóri bar upp tillöguna auk þess sem hann spurðist fyrir um önnur framboð sem reyndust ekki vera. Var Guðmundur þar með sjálfkjörinn formaður til næsta aðalfundar.
- Því næst bar kjörnefnd fram tillögu sína að stjórnarmönnum til 2 ára. Þeir voru Jón Snorri Snorrason, Gunnar Jónsson og Áslaug Sigurðardóttir. Fundarstjóri óskaði eftir

öðrum framboðum úr sal sem reyndust ekki vera. Því næst var gengið til atkvæða um tillögu kjörnefndar og var hún samþykkt samhljóða.

- Kjörnefnd tilnefndi Heimi Guðjónsson, Jónínu Pálsdóttur og Gunnar Pál Þórisson til að sitja sem varamenn í stjórn til eins árs. Var tillagan samþykkt samhljóða.

## 6. Kosning tveggja endurskoðenda.

- Félagskjörnir skoðunarmenn reikninga til næsta fundar voru kosnir þeir Ólafur Nilsson og Steinar J. Lúðvíksson með lófaklappi.

## 7. Önnur mál.

- Nýkjörinn formaður Guðmundur Oddsson kvaddi sér hljóðs á ný og þakkaði fundarmönnum stuðninginn og traustið jafnframt því sem hann bauð nýja stjórnarmenn velkomna til starfa og þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum góð störf.
- Fundarstjóri gaf orðið því næst laust undir liðnum önnur mál.

Ólafur E. Ólafsson fór yfir gæða og þjónustukönnun sem gerð var meðal félagsmanna nú í haust. Úrtakið var 801 og svarhlutfall var 55% og skipting milli kynja, aldurs og forgjafar lýsti mjög vel samsetningu klúbbsins. Könnunin sýndi að félagsmenn leggja mesta áherslu á áframhaldandi snyrtimensku, en þær athugasemdir, sem komu fram snéru að æfingasvæðinu og margir óskuðu eftir að bílatæði yrði stækkað. Þar sem þessi könnun var nú gerið í þriðja sinn þá var hægt að bera saman mörg svör milli ára. Kom þar fram almenn ánægja með þau störf sem unnin voru á síðasta ári og sýndi greinilega að félagsmenn eru mun jákvæðari í flestum liðum milli ára.

- Símon Kristjánsson þakkaði, sem formaður vallarnefndar, fyrir umgengni félaga á völlum og óskaði eftir að fundarmenn þökkuðu sérstaklega vallarstjóra og hans fólki fyrir frábært starf og var það gert með lófaklappi.
- Bergþóra Sigmundsdóttir bað konur í klúbbum að halda áfram því góða starfi sem unnið hefur verið og halda áfram að mæta vel í æfingatímum í vetur.
- Tómas Jónsson ræddi sjálfbodastarfið og vildi að það yrði eflst og skipulagt betur fyrir næsta vor.
- Sigurður Skúli Bárðarson þakkaði fyrir sig og spurði í ljósi uppsagna starfsmanna, hvort hægt væri að skoða samstarf við nágrennasklúbba til að nýta betur starfsmenn.

Ekki var fleira á dagskrá fundarins og honum því slitið klukkan 21:40